



Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Sauðárkróki 27. apríl 2018

Efni: Beiðni um umsögn vegna umsóknar um Aflamark Byggðastofnunar

Þann 21. febrúar sl. voru auglýst allt að 500 þorskígildistonn af Aflamarki Byggðastofnunar vegna Suðureyrar á grundvelli reglugerðar nr.643/2016. Umsóknarfrestur rann út þann 9. mars síðastliðinn. Ein umsókn barst.

Á fundi aflamarksnefndar Byggðastofnunar þann 27. apríl sl. var umsóknin tekin fyrir og eftirfarandi bókað:

„Ein umsókn barst vegna Aflamarks Byggðastofnunar á Suðureyri. Umsækjendur er Fiskvinnslan Íslandssaga ehf., Norðureyri ehf., Flugalda ehf., EA-30 ehf., Hraðfrystihúsið Gunnvör ehf. og Arnarlax ehf. Umsækjendur sækja um 500 þorskígildistonn og leggja á móti 1760 þorskígildistonna mótframlag. Gert er ráð fyrir 2500 tonna vinnslu á hvítfiski. Þá bætist við umtalsverð vinnsla á laxi á samningstímanum. Aflamarksnefnd leggur til að gengið verði til samninga við umsækjendur. Samþykkt að senda umsóknina til umsagnar Ísafjarðarbæjar.“

Byggðastofnun óskar eftir því að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar veiti umsögn um ofangreinda tillögu fyrir 18.maí n.k. áður en tillaga verður lögð fyrir stjórn Byggðastofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

Virðingarfyllt
f.h. Byggðastofnunar

Aðalsteinn Þorsteinsson
forstjóri

Meðfylgjandi:

Umsókn um Aflamark Byggðastofnunar
Matsblað vegna umsóknar um Aflamark Byggðastofnunar